

Héraðsbúar njóta að jafnaði læknisvitjunarstyrks úr sjóðnum í hlutfalli við 57 kostnað þeirra af læknisvitjunum. Þó geta þeir eigi vænt slikra styrkja úr sjóðnum, 26. marz sem ekki hafa orðið fyrir minnst kr. 30.00 kostnaði á árinu.

Að öðru jöfnu ganga þeir fyrir um styrki, sem lengst og erfiðast eiga til læknis að sækja.

#### 7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta eftir því, sem við verður komið og á tryggan hátt, en gæta þess jafnan, að sá hluti þess, sem verja ber til læknisvitjunarstyrkja, sé jafnan handbær, ef til þarf að taka.

#### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðanda sýslusjóðsreikninga Norður-Ísafjarðarsýslu árlega. Skal landlækni sent eitt eintak reikninga sjóðsins áður en tillag ríkisins til sjóðsins verður greitt fyrir næsta ár.

#### 9. gr.

Sjóðsstjórnin skal haga þannig starfsemi sjóðsins að þeir héraðsbúar, sem eru í sjúkrasamlagi, verði að öðru jöfnu eigi ver settir, að því er tekur til aðstoðar sjóðsins, en aðrir héraðsbúar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 26. marz 1953.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 178 frá 13. desember 1948, um kennslu og próf fyrir bifreiðarstjóra.

58

27. marz

#### 1. gr.

Síðari málsliður 6. málsgreinar 8. gr. orðist svo: Ökukennararéttindi falla niður 4 árum eftir útgáfu leyfisbréfs, ef það hefur ekki verið endurnýjað.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „síðara ár gildistíma“ o. s. frv. í 7. málsgrein 8. gr. komi: Síðasta ár gildistíma o. s. frv.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og lögum nr. 49 5. apríl 1948, um breyting á þeim lögum, og öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytið, 27. marz 1953.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*